

## Vinnslusamningur



## Samningur um vinnslu persónuupplýsinga

Securitas hf., kt. 640388-2699, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík (hér eftir „**vinnsluaðili**“), og viðskiptavinur vinnsluaðila, hvort sem um er að ræða lögaðila eða einstakling (hér eftir „**ábyrgðaraðili**“), gera með sér eftirfarandi samning um vinnslu persónuupplýsinga, í tengslum við alla þjónustu sem vinnsluaðili veitir eða kann að veita ábyrgðaraðila samkvæmt gildandi samningum milli aðila hverju sinni (hér eftir „**vinnslusamningur þessi**“).

### 1. TILGANGUR OG HLUTVERK AÐILA

- 1.1. Vinnslusamningur þessi kveður á um vinnslu persónuupplýsinga sem vinnsluaðili framkvæmir fyrir hönd ábyrgðaraðila í tengslum alla veitta þjónustu samkvæmt samningum milli aðila. Vinnslusamningur þessi tekur því til allrar þjónustu og allra samninga sem eru í gildi milli aðila hverju sinni.
- 1.2. Aðilar skulu á hverjum tíma fara að gildandi lögum og reglum um vinnslu persónuupplýsinga, þar á meðal lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

### 2. SKILGREININGAR

- 2.1. **Aðilar:** Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili.
- 2.2. **Ábyrgðaraðili:** Aðili, sem ákveður tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.
- 2.3. **Mat á áhrifum á persónuvernd:** Mat sem er ætlað að auðkenna og draga úr áhættuáttum við vinnslu persónuupplýsinga.
- 2.4. **Óheimil vinnsla:** Sérhver vinnsla persónuupplýsinga sem brýtur í bága við persónuverndarlög, viðeigandi samningi milli aðila eða vinnslusamning þennan.
- 2.5. **Persónuupplýsingar:** Sérhverjar persónugreinanlegar upplýsingar um skráðan einstakling eða upplýsingar sem hægt er að nota til að persónugreina hann, beint eða óbeint, af upplýsingunum einum og sér eða með frekari gögnum, sem eru í vörslu aðila eða sem aðilar geta auðveldlega nálgast. Viðkvæmar persónuupplýsingar teljast einnig til persónuupplýsinga, ásamt persónuupplýsingum þar sem beitt hefur verið gerviauðkenni. Hins vegar teljast nafnlausar upplýsingar ekki til persónuupplýsinga eða þegar tilvísun til einstaklingsins hefur verið endanlega fjarlægð úr skrá. Persónuupplýsingar geta verið staðreyndir (t.d. nafn, tölvupóstur, staðsetningargögn eða fæðingardagur) eða skoðun á aðgerðum eða hegðun hins skráða. Dæmi um persónuupplýsingar eru nafn einstaklings, kennitala, heimilisfang, netauðkenni, starfskjör, viðskiptahegðun, einn eða fleiri þættir sem einkenna einstakling í líkamlegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti og aðrar sambærilegar upplýsingar, sem teljast til persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarlögum.
- 2.6. **Persónuverndarlög:** Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem í gildi eru á hverjum tíma, ásamt öðrum réttarheimildum, sem byggja á þeim, nú lög nr. 90/2018, ásamt öðrum réttarheimildum, sem byggja á þeim.
- 2.7. **Reglugerðin:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálssa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB.
- 2.8. **Skráður einstaklingur (eða „hinn skráði“):** Tilgreindur eða persónugreinanlegur einstaklingur, sem persónuupplýsingarnar varða. Hinn skráði einstaklingur getur verið ríkisborgari eða með heimilisfesti í hvaða landi sem er og kann að eiga tiltekin réttindi er varða persónuupplýsingar sínar.

- 2.9. **Starfsmenn:** Allir starfsmenn, stjórnendur, verktakar, ráðgjafar og aðrir, sem vinna í þágu og/eða koma fram fyrir hönd vinnsluaðila.
- 2.10. **Tilgangur vinnslu:** Sá tilgangur vinnslu persónuupplýsinga, sem kemur fram í viðeigandi samningum milli aðila.
- 2.11. **Vinnsla:** Sérhver athöfn þar sem persónuupplýsingar eru notaðar, þ.m.t. söfnun, skráning eða varðveisla upplýsinganna, ásamt sérhverri aðgerð eða röð aðgerða þar sem unnið er með upplýsingarnar, þ.m.t. flokkun, breyting, heimt, notkun, miðlun, eyðing eða eyðilegging, sem og miðlun upplýsinganna til þriðja aðila.
- 2.12. **Vinnsluaðili:** Aðili, sem vinnur persónuupplýsingar á vegum og á ábyrgð ábyrgðaraðila.
- 2.13. **Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga:** Sérhver aðgerð eða aðgerðarleysi, sem leggur í hættu (i) öryggi, trúnað, heilleika eða aðgengi að persónuupplýsingum, eða (ii) verklegar, tæknilegar, reglubundnar eða skipulagslegar öryggisráðstafanir til verndar persónuupplýsinga. Brestur, sem leiðir til þess að persónuupplýsingar glatist, breytist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi, telst öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga.

### 3. LÝSING Á VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 3.1. Vinnsluaðili vinnur persónuupplýsingar fyrir hönd ábyrgðaraðila í tengslum við þá þjónustu sem vinnsluaðili veitir ábyrgðaraðila á grundvelli samninga milli aðila. Vinnslan tekur eingöngu til þeirra persónuupplýsinga og þeirra einstaklinga sem nauðsynlegt er að vinna með til að veita þjónustuna. Eftir eðli þjónustunnar getur vinnslan m.a. falist í söfnun, skráningu, flokkun, varðveislu, notkun, miðlun til ábyrgðaraðila, aðgangstakmörkun og eyðingu persónuupplýsinga.

#### *Flokkar hinna skráðu einstaklinga*

- 3.2. Vinnslan getur tekið til eftirfarandi flokka einstaklinga, eftir því sem nauðsynlegt er til að veita þjónustuna:
  - a) Starfsmanna, verktaka eða umboðsmanna ábyrgðaraðila.
  - b) Tengiliða ábyrgðaraðila, sem ábyrgðaraðili hefur tilnefnt samkvæmt þjónustusamningum milli aðila, sem vinnsluaðili getur sett sig í samband við ef ástæða þykir til.
  - c) Notenda kerfa eða búnaðar sem vinnsluaðili rekur eða hefur umsjón með fyrir hönd ábyrgðaraðila samkvæmt þjónustusamningum milli aðila.
  - d) Einstaklinga sem kunna að eiga leið um vöktuð svæði og verða að öðru leyti fyrir áhrifum af þjónustu vinnsluaðila, s.s. starfsmenn, viðskiptavinir og gestir ábyrgðaraðila.
  - e) Einstaklinga sem starfsmenn vinnsluaðila kunna að hafa samskipti við eða afskipti af við veitingu þjónustu hjá ábyrgðaraðila.

#### *Flokkar persónuupplýsinga*

- 3.3. Vinnslan getur tekið til almennra persónuupplýsinga, svo sem nafns, kennitölu, samskiptaupplýsinga, aðgangs- og notendaupplýsinga og, eftir atvikum, myndefnis úr öryggis- og myndavélakerfum ábyrgðaraðila og annarra gagna sem kunna að verða til við veitingu þjónustu vinnsluaðila.
- 3.4. Vinnsluaðili vinnur ekki viðkvæmar persónuupplýsingar nema slíkt sé nauðsynlegt vegna þjónustunnar og heimilt samkvæmt gildandi persónuverndarlögum.

#### *Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga og afmörkun*

- 3.5. Nánari upplýsingar um vinnsluna sem og afmörkun á þeim persónuupplýsingum og einstaklingum sem vinnslan nær til má nálgast í viðeigandi samningi milli aðila um þá þjónustu sem Securitas veitir og persónuverndarstefnu vinnsluaðila í gegnum eftirfarandi vefslóð: [Persónuverndarstefna Securitas](#).

#### *Tímalengd vinnslu*

- 3.6. Vinnsluaðili skal ekki vinna persónuupplýsingar lengur en nauðsynlegt er og skal ljúka vinnslunni í síðasta lagi þegar þjónustusamningur milli aðila fellur úr gildi, nema lög mæli fyrir um annað.

### **4. SKYLDUR ÁBYRGÐARAÐILA**

- 4.1. Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á persónuupplýsingunum og því að hann uppfylli skyldur sínar samkvæmt persónuverndarlögum, þar á meðal með því að senda viðeigandi tilkynningar og afla viðeigandi heimilda til vinnslunnar, sem og á þeim fyrirmælum, sem hann gefur vinnsluaðila.

### **5. SKYLDUR VINNSLUAÐILA**

- 5.1. Vinnsluaðili skal eingöngu vinna persónuupplýsingarnar að því marki og í því skyni sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar og í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila.
- 5.2. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila, ef vinnsluaðili telur að umbeðin vinnsla persónuupplýsinga kunni að brjóta gegn ákvæðum persónuverndarlaga.
- 5.3. Vinnsluaðili skal halda fullum trúnaði varðandi þær persónuupplýsingar, sem ábyrgðaraðili felur honum að vinna og skal vinnsluaðili ekki veita þriðja aðila aðgang að slíkum upplýsingum nema samkvæmt fyrirmælum eða heimild ábyrgðaraðila, nema lög mæli fyrir um annað. Ef lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða ákvarðanir dómstóla mæla fyrir um afhendingu persónuupplýsinga, sem eru í vinnslu hjá vinnsluaðila, skal vinnsluaðili tilkynna ábyrgðaraðila um fyrirhugaða afhendingu, nema lög banni slíka tilkynningu.
- 5.4. Vinnsluaðili skal gæta þess að tæki og tól, vörur, forrit og þjónusta séu hönnuð með innbyggða og sjálfgefna persónuvernd að leiðarljósi.
- 5.5. Vinnsluaðili skal hvorki selja eða afhenda upplýsingar sem hann hefur aðgang að vegna samnings þessa.

### **6. STARFSMENN VINNSLUAÐILA**

- 6.1. Vinnsluaðili undirgengst eftirfarandi skyldur varðandi þá starfsmenn sína, sem tengjast vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt vinnslusamningi þessum:
- Starfsmönnum er kunnugt um trúnaðareðli persónuupplýsinganna og eru þeir bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu í störfum sínum fyrir vinnsluaðila.
  - Starfsmenn hafa hlotið þjálfun í framfylgd við persónuverndarlög í störfum sínum.
  - Starfsmönnum er kunnugt um skyldur vinnsluaðila sem og eigin skyldur samkvæmt persónuverndarlögum og vinnslusamningi þessum.

### **7. MIÐLUN TIL ANNARRA RÍKJA**

- 7.1. Vinnsluaðili má og skal aðeins miðla persónuupplýsingum til þriðja ríkis, þ.e. utan Evrópska efnahagssvæðisins, eða alþjóðastofnunar, sem veitir ekki fullnægjandi persónuvernd, í samræmi við skriflegar leiðbeiningar frá ábyrgðaraðila, þ.m.t. við miðlun upplýsinga til undirvinnsluaðila í slíkum ríkjum, nema annars sé krafist á grundvelli persónuverndarlaga sem vinnsluaðili heyrir undir. Í slíku tilfalli verður vinnsluaðili að upplýsa ábyrgðaraðila um þá

lagalegu kröfu, nema lög banni að upplýst sé um slíkt á grundvelli mikilvægra almannahagsmuna.

## 8. NOTKUN UNDIRVINNSLUAÐILA

- 8.1. Vinnsluaðila er heimilt að semja við annan aðila (hér eftir „undirvinnsluaðila“) um að framkvæma tiltekna vinnsluaðgerðir, í heild eða hluta, sem vinnsluaðili sinnir fyrir ábyrgðaraðila.
- 8.2. Áður en nýr undirvinnsluaðili er tekinn í notkun, eða þegar gerðar eru breytingar á þeim undirvinnsluaðilum sem þegar eru notaðir eða á fyrirkomulagi vinnsluaðgerða, skal vinnsluaðili tilkynna ábyrgðaraðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar með a.m.k. sjö (7) virkra daga fyrirvara. Í tilkynningu skal koma skýrt fram hvaða vinnsluaðgerðir undirvinnsluaðilinn hyggst taka að sér, nafn og samskiptaupplýsingar hans, sem og fyrirhuguð dagsetning gildistöku breytinga. Ábyrgðaraðili getur andmælt notkun tiltekna undirvinnsluaðila innan framangreinds frests.
- 8.3. Þrátt fyrir heimild, samkvæmt grein 8.1, skal vinnsluaðili afla sérstaks skriflegs samþykkis ábyrgðaraðila áður en undirvinnsluaðili er ráðinn sem staðsettur er í þriðja ríki, þ.e. ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, eða er alþjóðastofnun sem ekki veitir fullnægjandi persónuvernd, nema annað leiði af gildandi persónuverndarlögum.

## 9. ÖRYGGI VINNSLU

- 9.1. Vinnsluaðili skal tryggja viðeigandi öryggi þeirra persónuupplýsinga, sem hann vinnur, þ.m.t. með vernd gegn óleyfilegri eða ólögumætri vinnslu, sem og með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum.
- 9.2. Vinnsluaðili skal hafa til staðar persónuverndarráðstafanir, sem eru hæfilegar miðað við stærð, eðli og starfsemi hans, magn og eðli persónuupplýsinga, sem hann vinnur fyrir hönd ábyrgðaraðila, sem og miðað við áhættu (þ.m.t. með notkun dulkóðunar og gerviauðkenna þegar við á). Til að tryggja öryggi vinnslunnar, hefur vinnsluaðili til staðar viðeigandi ferla, sem eru prófaðir reglulega.
- 9.3. Vinnsluaðila er skylt að viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinga frá ábyrgðaraðila og vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu, gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi, gegn óleyfilegum aðgangi og gegn allri annarri ólögumætri vinnslu. Jafnframt er vinnsluaðila skylt að tryggja öryggi starfsstöðva, pappírsgagna, gagnavera, afritunarkerfa, netþjóna, tölvukerfa og færanlegra geymslumiðla eins og farsíma sem geymt geta upplýsingar.
- 9.4. Vinnsluaðili skal beita tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum sem tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættu af vinnslunni og eðli þeirra gagna sem verja á, með hliðsjón af nýjustu tækni, kostnaði við framkvæmd, eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar og áhættu, mislíklegri og misalvarlegri, fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, sbr. 27. gr. persónuverndarlaga og 32. gr. reglugerðarinnar.
- 9.5. Vinnsluaðili skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi þær persónuupplýsingar sem hann fær aðgang að og/eða vitneskju um hjá ábyrgðaraðila. Vinnsluaðila er óheimilt að veita þriðja aðila upplýsingar um vinnsluna án leyfis ábyrgðaraðila.
- 9.6. Vinnsluaðili skal tryggja að starfsmenn hans og aðrir sem hafa aðgang að persónuupplýsingum séu bundnir trúnaði um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd ábyrgðaraðila. Trúnaðarskylda starfsmanna vinnsluaðila helst þótt látið sé af starfi og þó vinnslusamningur þessi falli úr gildi.

- 9.7. Vinnsluaðili skal gæta þess að aðgangur að persónuupplýsingunum sé takmarkaður við þá aðila sem nauðsynlega þurfa að hafa slíkan aðgang í því skyni að uppfylla skyldur samkvæmt vinnslusamningi þessum.
- 9.8. Vinnsluaðili hefur:
- Skjalfestar þagnaryfirlýsingar starfsmanna sinna.
  - Skilgreint hlutverk og skyldur hvers starfsmanns sem hefur aðgang að persónuupplýsingum frá ábyrgðaraðila.
- 9.9. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum óheimils aðgangs að húsnæði, hefur vinnsluaðili til staðar eftirfarandi öryggisráðstafanir:
- Stýring á aðgangi að húsnæði með úthlutun lykla, aðgangskorta, o.þ.h.
  - Öryggisvörslu, með viðvörunarkerfum eða rafrænni vöktun.
  - Varðveitir gögn, sem ekki eru rafræn og innihalda persónuupplýsingar frá ábyrgðaraðila, á öruggum stað, þar sem óviðkomandi aðilar hafa ekki aðgang.
- 9.10. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að búnaði hefur vinnsluaðili m.a. gripið til eftirfarandi ráðstafana
- Stýrir aðgangi að búnaði með úthlutun aðgangs- og lykilorða.
  - Gerir skýrar kröfur til setningar lykilorða, og reglulegra breytinga á þeim.
  - Lokar aðgangi þeirra sem hætta störfum.
  - Notar eldveggi og vírusvarnir.
- 9.11. Í þeim tilgangi að fyrirbyggja og takmarka tjón af völdum bilana og óheimils aðgangs að gögnum hefur vinnsluaðili m.a. gripið til eftirfarandi ráðstafana:
- Uppfærir stýrikerfi, vírusvarnir og annan hugbúnað reglulega.
  - Sett upp öruggt afritunarkerfi.
  - Geymir afrit á öruggum stað.
  - Sett upp aðgangskerfi fyrir langtímaafrit.
  - Eyðir langtímaafritum á öruggan máta.

## 10. TILKYNNING UM ÖRYGGISBREST EÐA ÓHEIMILA VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA

- 10.1. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila með tölvupósti á skráðan tengilið ábyrgðaraðila um hvers konar öryggisbrest og óheimila vinnslu persónuupplýsinga, sem kann að verða við vinnslu vinnsluaðila á persónuupplýsingum í tengslum við vinnslusamning þennan, innan tuttugu og fjögurra (24) klukkustunda frá því að vinnsluaðili fær vitneskju um öryggisbrestinn eða óheimilu vinnsluna.
- 10.2. Í ofangreindri tilkynningu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
- Eðli öryggisbrestsins eða óheimilu vinnslunnar.
  - Um hvaða persónuupplýsingar er að ræða og í sambandi við hvaða skráðu einstaklinga (annað hvort aðgreint eða með almennri lýsingu, allt eftir eðli öryggisbrestsins eða óheimilu vinnslunnar).
  - Líkleg áhrif öryggisbrestsins eða óheimilu vinnslunnar.

- d) Þær ráðstafanir, sem vinnsluaðili hefur tekið eða býðst til að taka, til að koma í veg fyrir áframhaldandi öryggisbrest eða óheimila vinnslu og/eða draga úr afleiðingum öryggisbrestsins eða óheimilu vinnslunnar.
- 10.3. Ef öryggisbrestur eða óheimil vinnsla á sér stað, skal vinnsluaðili veita ábyrgðaraðila eftirfarandi aðstoð, upplýsingar og aðgang:
- a) Aðstoð við rannsókn á öryggisbrestinum eða óheimilu vinnslunni.
  - b) Aðgang að starfsstöð vinnsluaðila, eftir því sem slíkur aðgangur er nauðsynlegur og heimill fyrir rannsóknina.
  - c) Viðtöl við þá starfsmenn vinnsluaðila, sem kunna að hafa upplýsingar um og/eða þekkingu á öryggisbrestinum eða óheimilu vinnslunni.
  - d) Aðgang að öllum þeim gögnum og upplýsingum vinnsluaðila, sem tengjast öryggisbrestinum eða óheimilu vinnslunni og sem vinnsluaðila er heimilt að veita ábyrgðaraðila aðgang að.
  - e) Framkvæmd þeirra ráðstafana, sem getið er í grein 10.2d) vinnslusamnings þessa.
- 10.4. Tilkynningar til vinnsluaðila skulu berast á netfangið [personuvernd@securitas.is](mailto:personuvernd@securitas.is)
- 10.5. Tilkynningar til ábyrgðaraðila skulu berast til þess tengiliðar sem ábyrgðaraðili hefur tilgreint í viðeigandi þjónustusamningi eða með skriflegri tilkynningu til vinnsluaðila.

## 11. ÞJÓNUSTA VEGNA SKYLDNA ÁBYRGÐARAÐILA

- 11.1. Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila viðeigandi þjónustu í tengslum við eftirfarandi skyldur ábyrgðaraðila samkvæmt persónuverndarlögum:
- a) Skyldur ábyrgðaraðila til að fylgja fyrirmælum og kröfum skráðra einstaklinga samkvæmt persónuverndarlögum.
  - b) Veiting upplýsinga um vinnslu og persónuvernd og niðurstöðu mats á áhrifum á persónuvernd hjá ábyrgðaraðila, eins og persónuverndaryfirvöld kunna að krefjast frá ábyrgðaraðila.
- 11.2. Vinnsluaðili skal upplýsa ábyrgðaraðila, ef skráðir einstaklingar eða persónuverndaryfirvöld beina fyrirmælum eða fyrirspurnum til vinnsluaðila í sambandi við vinnslu vinnsluaðila á persónuupplýsingum fyrir hönd ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðili skal þá bregðast við slíkum fyrirmælum eða fyrirspurnum með viðeigandi hætti samkvæmt persónuverndarlögum, m.a. með þeim hætti að beina viðeigandi fyrirmælum til vinnsluaðila í því sambandi.

## 12. VINNSLUSKRÁ VINNSLUAÐILA

- 12.1. Vinnsluaðili skal halda skrá um vinnslu sína fyrir hönd ábyrgðaraðila. Slík vinnsluskra skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
- a) Nafn vinnsluaðila.
  - b) Nafn persónuverndarfulltrúa vinnsluaðila eða nafn annars tengiliðs vinnsluaðila, ef vinnsluaðili hefur ekki tilnefnt persónuverndarfulltrúa.
  - c) Nafn og aðrar upplýsingar um ábyrgðaraðilann.
  - d) Flokkar vinnslu í sambandi við ábyrgðaraðilann.
  - e) Nöfn ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins, þangað sem persónuupplýsingar eru sendar (ef við á).
  - f) Almenn lýsing á tæknilegum og skipulagslegum öryggisþáttum vinnsluaðila í tengslum við vinnsluna.

- 12.2. Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila aðgang að vinnsluskránni eins og ábyrgðaraðili kann að krefjast hverju sinni.
- 12.3. Vinnsluaðili skal endurskoða og uppfæra vinnsluskrána með reglubundnum hætti, eins og aðstæður krefjast hverju sinni.

### 13. EFTIRLIT ÁBYRGÐARAÐILA

- 13.1. Vinnsluaðili skal heimila ábyrgðaraðila að framkvæma það eftirlit með vinnslu vinnsluaðila, sem ábyrgðaraðila er skylt að hafa samkvæmt persónuverndarlögum.
- 13.2. Í eftirliti ábyrgðaraðila felast eftirtalin atriði:
  - a) Aðgangur að gögnum og kerfum vinnsluaðila, sem og að öðrum upplýsingum, sem vinnsluaðili geymir í tengslum við vinnsluna.
  - b) Aðgangur að starfsmönnum vinnsluaðila, í því skyni að afla upplýsinga og skýringa á þeirri vinnslu, sem á sér stað í þágu ábyrgðaraðila.
- 13.3. Vegna eftirlits ábyrgðaraðila, getur ábyrgðaraðili farið fram á að vinnsluaðili afhendi skriflega skýrslu um vinnslu vinnsluaðila og hvernig vinnslan samræmist persónuverndarlögum og vinnslusamningi þessum.

### 14. AÐGANGUR, AFHENDING OG EYÐING GAGNA

- 14.1. Að kröfu ábyrgðaraðila skal vinnsluaðili veita ábyrgðaraðila aðgang að eða afrit af þeim persónuupplýsingum, sem vinnsluaðili vinnur fyrir ábyrgðaraðila samkvæmt vinnslusamningi þessum.
- 14.2. Við lok vinnslusamnings þessa skal vinnsluaðili samkvæmt fyrirmælum ábyrgðaraðila eyða með tryggum hætti þeim persónuupplýsingum og/eða afhenda ábyrgðaraðila þær persónuupplýsingar, sem vinnsluaðili hefur unnið fyrir ábyrgðaraðila og sem eru enn í vörslum vinnsluaðila. Varðandi eyðingu rafrænna persónuupplýsinga er báðum aðilum kunnugt um að afrit upplýsinga í varageymslum og önnur slík öryggisgeymsla á upplýsingum kann að vera með þeim hætti, að slíkum upplýsingum verður ekki eytt að fullu. Eyði vinnsluaðili persónuupplýsingum samkvæmt þessari grein, skal hann tilkynna ábyrgðaraðila um slíka eyðingu innan tíu (10) virkra daga frá því að slík eyðing átti sér stað.
- 14.3. Að því marki sem vinnsluaðila er skylt samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun dómstóla, að halda eftir afriti af persónuupplýsingum, sem vinnsluaðili hefur unnið fyrir ábyrgðaraðila, skal vinnsluaðili tilkynna ábyrgðaraðila um slíka skyldu, útskýra grundvöll skyldunnar og staðfesta að upplýsingunum verði eytt eða þær afhentar ábyrgðaraðila samkvæmt grein 14.2 um leið og slíkt er unnt.

### 15. GILDISTÍMI OG ÖNNUR ATRIÐI

- 15.1. Vinnslusamningur þessi gildir þar til allir þjónustusamningarnir milli aðila hafa fallið úr gildi.
- 15.2. Ef gerðir verða nýir þjónustusamningar milli aðila eða ef þeir samningar sem í gildi eru við undirritun vinnslusamnings þessa breytast, mun vinnslusamningur þessi einnig gilda um vinnslu persónuupplýsinga hinna breyttu eða nýju þjónustusamninga, nema vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt nýjum þjónustusamningum verði með öðrum hætti en vinnslusamningur þessi kveður á um.
- 15.3. Að því leyti sem persónuupplýsingar, sem ábyrgðaraðili hefur falið vinnsluaðila að vinna, eru enn í vörslum vinnsluaðila við lok gildistíma þjónustusamninga, skulu ákvæði vinnslusamnings þessa gilda um meðferð slíkra upplýsinga og skyldur vinnsluaðila í því sambandi.

- 15.4. Hvorum aðila er heimilt að rifta vinnslusamningi þessum, ef gagnaðilinn vanefnir hann að verulegu leyti og bregst ekki við kröfum gagnaðila um nauðsynlegar úrbætur, ef slíkar úrbætur eru raunhæfar og mögulegar.
- 15.5. Bótaábyrgð vinnsluaðila er háð því að vinnsluaðili hafi sýnt af sér ásetning eða stórfellt gáleysi. Bótaábyrgð vinnsluaðila takmarkast að hámarki við þá fjárhæð sem nemur samtals þeirri þóknun, sem ábyrgðaraðili hefur greitt vinnsluaðila á grundvelli þjónustusamningsins á síðustu tólf (12) mánuðum fyrir tjónsatburð.

## **16. GILDANDI LÖG OG ÚRLAUSN ÁGREININGSMÁLA**

- 16.1. Komi upp ágreiningsmál um efni eða framkvæmd vinnslusamnings þessa, skulu aðilar reyna að leysa þann ágreining samkomulagi. Takist aðilum ekki leysa úr ágreiningi um framkvæmd vinnslusamnings þessa, skal málið borið undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**Reykjavík, [-] 2026**